

fulltrúum, einum frá hverjum eftirtalinna aðila: Samgönguráðuneyti, dómismálaráðuneyti, barnaverndarráði og Neytendasamtökunum. Nefndin velur sér sjálf formann. Hún kemur saman að ósk Póst- og fjarskiptastofnunar eða að frumkvæði einstakra nefndarmanna og skal gefa álit á því, hvort efni á símatorgi stríði gegn almennum siðgæðisreglum. Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa álit nefndarinnar til hliðsjónar við endanlega ákvörðun sína um málið.

Árleg þóknun nefndarmanna ákveðst af þóknunarnefnd og skal hún greidd úr ríkissjóði.

VIII. KAFLI

Viðurlög og heimild til lokunar.

19. gr.

Ef talið er að upplýsingaveitandi brjóti gegn almennum ákvæðum reglugerðar þessarar skal Póst- og fjarskiptastofnun gefa honum kost á að bæta úr því.

Við ítrekuð eða stórfelld brot getur stofnunin skyldað rekstrarleyfishafa til að loka uppkallsnúmeri upplýsingaveitanda.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að láta loka fyrirvaralaust uppkallsnúmeri upplýsingaveitanda, sem veitir upplýsingar, sem stofnunin telur brjóta gegn almennu siðgæði. Innan viku frá slíkri lokun skal stofnunin vísa málinu til símatorgsnefndar. Upplýsingaveitandi á ekki kröfu á skaðabótum vegna lokana.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 143/1996 og staðfestist hér með til að taka gildi 1. júní 1997 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 419/1992 um símatorgsþjónustu.

Samgönguráðuneytinu, 27. maí 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 360

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1996.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:

	Kr.
Innheimtuþóknun v/erlendar innheimtu	2.836.933
Innheimtuþóknun önnur	3.187.204
Endurkrafinn lögtakskostnaður	9.838.784
Innheimtur vaxtakostnaður og aðrar vaxtakröfur	<u>163.122.773</u>
	<u>178.985.694</u>

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	32.176.773
Húsnæðiskostnaður	1.516.199
Annar rekstrarkostnaður	27.104.063
Vextir og verðbætur	<u>733.604</u>
	<u>61.530.639</u>

Tekjur umfram gjöld	<u>117.455.055</u>
---------------------------	--------------------

Efnahagsreikningur 31. desember 1996.

Eignir:	Kr.
Sjóður	4.178.047
Bankainnstæður	40.847.096
Ógreidd innheimtuþóknun	3.589.413
Óinnheimtar kröfur	5.964.359.579
Sveitarfélög	0
Kröfur á fyrirtæki	26.930.901
Fyrirfram greiddur kostnaður	307.000
	<u>6.040.212.036</u>

Skuldir og eigið fé:

Ógreiddur kostnaður	7.708
Skuldabréf vegna fasteignakaupa	5.510.687
Tryggingastofnun ríkisins	154.183.270
Sveitarfélög	0
Erlendar innheimtur	527.630
Félagsmálaráðuneytið	<u>7.564.300</u>
	167.793.595
Framlag jöfnunarsjóðs	3.516.725.811
Dráttarvextir óinnheimtir	1.281.734.323
Lögtakskostnaður óinnheimtur	44.601.929
Annað eigið fé	<u>1.029.356.378</u>
	<u>6.040.212.036</u>

Reykjavík, 17. febrúar 1997.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
Sigurgeir Sigurðsson. **Húnbogi Þorsteinsson.**
Snorri Björn Sigurðsson. **Árni Guðjónsson.**

13. júní 1997

Nr. 361

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um biskupskosningu, nr. 151 12. mars 1981.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

a. 1. tölul. orðist svo:

1. Biskup Íslands, þjónandi vígslubiskupar, sóknarprestar og prófastar, svo og aðstoðarprestar og sérþjónustuprestar ráðnir af ráðherra, kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar) og rektor Skálholtsskóla, enda séu þeir guðfræðikandidatar, svo og biskupsritari og aðrir starfsmenn biskupsstofu í föstu starfi með sama skilorði, aðstoðarprestar ráðnir af sóknarnefndum og prestar sem ráðnir eru af stjórn sjúkrastofnana eða sveitarfélögum til prestsþjónustu þar og lúta yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnun, enda gegni þeir því starfi sem aðalstarfi, og prestvígðir menn sem ráðnir eru til